

Ísafjarðarbær
Jóhann B. Helgason,
sviðsstjóri
Hafnarstræti 1
400 Ísafjörður

Umhverfisstofnun	
Áb.	_____
23. jan. 2012	
10.4.3	
Tilv.	_____



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 20. janúar 2012
Tilvísun: UST20120100057/bs

Deiliskipulag neðan Gleiðarhjalla. Umsögn

Vísað er til bréfs Ísafjarðarbæjar dags. 3. janúar sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um ofangreint deiliskipulag.

"Markmið deiliskipulagsins er að auka öryggi íbúanna með tilliti til ofanflóða með byggingu ofanflóðavarna en jafnframt að milda neikvæð áhrif framkvæmdanna á landslag og náttúru með mótvægisáðgerðum."

Í greinargerð kemur fram að sérstök áhersla verður lögð á landmótun og frágang yfirborðs í því skyni að draga úr neikvæðum áhrifum framkvæmdarinnar. Umhverfisstofnun telur jákvætt að lögð sé slík áhersla á frágang mannvirkja og uppgræðslu framkvæmdasvæðis eins og gert er í umræddu deiliskipulagi.

Umhverfisstofnun vill benda á að ósamræmi er í deiliskipulagi og frummatsskýrslu um efnispörf, þar sem hún er annars vegar talin vera 130.000 m³ og hins vegar 170.000 m³. Að öðru leyti gerir stofnunin ekki athugasemdir við umrætt deiliskipulag.

Virðingarfyllt

Aðalbjörg Birna Guttormsdóttir
Aðalbjörg Birna Guttormsdóttir

Björn Stefánsson
Björn Stefánsson

